

Heilsa ehf.  
Hagasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 8. febrúar 2022  
UST202110-287/B.B.B.  
07.05.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 10.12.2021 með niðurstöðu eftirlits þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vöruna Antibac Hånddesinfeksjon (Gel alkoholbasert 85%) parfymfri skv. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur sent stofnuninni afrit af íslenskum merkingum fyrir vöruna og hefur því orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðrúvísu en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 01.11.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var haft eftirlit með handsóttthreinsum sem stofnuninni barst ábending um. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Heilsa ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200-. kr.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur